

2. gr.

42

Bönnuð er sala á spítubrjóstsykri (sleikjum), svo og öðrum sælgætisvörum, sem að dómi barnaverndarnefndar eru óhollar börnum og unglingum. 11. maí

3. gr.

Leiksýningar og aðrar opinberar skemmtanir, sem ætlast er til að börnum og unglingum innan 16 ára sé seldur aðgangur að skulu sýndar barnaverndarnefndinni áður, eða henni gefnar nákvæmar upplýsingar um þær, og getur nefndin, ef henni þykir ástæða til, bannað, að börn og unglingar fái aðgang að þeim.

4. gr.

Börn og unglingar innan 16 ára aldurs mega ekki selja blöð og bækur, nema að fengnu leyfi barnaverndarnefndar.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögum. Skal fara með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögunum.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júní 1934.

Þetta er hérmeð birt öllum þeim, er hlut eiga að máli, til eftirbreytni.

Í kirkjumálaráðuneytinu, 11. maí 1934.

Dorsteinn Briem.

Gissur Bergsteinsson.

REGLUGERÐ

43

um breyting á reglugerð um niðurfjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Siglufjarðarkaupstað. 15. maí

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 3. gr. komi ný mgr. svohljóðandi:

Vatnsskattskylda framleiðslu má eigi flytja burt af framleiðslustaðnum fyrir en vatnsskattur af henni er greiddur, að viðlögðum sektum samkvæmt 16. gr. reglugerðarinnar, ef útaf bregður.

2. gr.

6. gr. reglugerðarinnar skal vera svohljóðandi:

Gjaldárið er almanaksárið. Gjaldldagi vatnsskatts húsa er 1. júlí árlega, og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðandi ár. Vatnsskattur samkvæmt 1.

43 mgr. 3. gr. fellur í gjalddaga um leið og varan er framleidd. Vatnsskattur sam-
15. maí kvæmt 5. gr. fellur í gjalddaga þegar krafist er.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. júní þ. á. og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. maí 1934.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

44

16. maí

S A M Þ Y K K T

um sýsluvegasjóð í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Í Skagafjarðarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu, greiðist úr sýsluvegasjóði.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

1. Skarðavegur frá Sauðárkróki á fjallveginn við Heiði í Gönguskörðum.
2. Laxárdalsvegur frá fjallveginum á Grímsáreyrum um Laxárdal að Selvík.
3. Skagavegur frá Selárbrú út efri leið að Hrauni á Skaga.
4. Reykjarstrandarvegur frá Gönguskarðsárbrú að Reykjum á Reykjarströnd.
5. Borgarvegur frá þjóðveginum austan og sunnan Sauðár að svonefndu Vatnsvíki við Áshildarholtsvatn.
6. Sæmundarhlíðarvegur frá þjóðveginum hjá Geitagerði fram Sæmundarhlíð á þjóðveginn á Vatnsskarði.
7. Goðdalavegur frá þjóðveginum sunnan við Reykjarhól að Goðdölum.
8. Kjálkavegur í Akrahreppi frá Norðurá að Merkigili.
9. Blönduhlíðarvegur frá brúnni á austurkvísl Héraðsvatna eða þjóðveginum við hana fram Viðvíkursveit og Blönduhlíð á þjóðveginn utan við Dalsá.
10. Miðvegur frá þjóðveginum hjá Garði í Hegrnesi um Ríp að Eyhildarholti.
11. Hólavegur frá Kolkuósi um Hóla, að Hofsa.
12. Kolbeinsdalsvegur frá Kolkuþró að Unastöðum í Kolbeinsdal.
13. Bæjarvegur frá Hofsósi að Bæ á Höfðaströnd.
14. Sléttuhlíðarvegur frá þjóðveginum við Tjarnir um Skálá að Heiði.
15. Flókadalsvegur frá þjóðveginum vestan Sandóss fram Flókadal vestan Flókadalsvatns að Krakavöllum.
16. Fljótavegur frá Fljótaárbrú austan Fljótaár að Þrasastöðum í Stiflu.
17. Unadalsvegur frá Hofsósi að Bjarnastöðum í Unadal.